

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. maí 2018 í máli nr. S-193/2018:

Ákærvaldið

(Margrét Herdís Jónsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Elísabetu Margréti Bjarnadóttur

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 10. apríl 2018, á hendur Elísabetu Margréti Bjarnadóttur, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík fyrir eftirtalin umferðarlagabrot framin á árinu 2017, nema annað sé tekið fram, með því að hafa:

1. Föstudaginn 23. desember 2016 ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti vestur Krókháls, Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Fimmtudaginn 12. janúar ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti um Vínlandsleið og inn á bifreiðastæði Húsasmiðjunnar á Vínlandsleið, Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af henni skömmu síðar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. Þriðjudaginn 7. mars ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti og óhæf um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 335 ng/ml og kókaín 75 ng/ml) að bensínstöð Orkunnar Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði, þar sem lögregla hafði afskipti af henni og á sama tíma haft í vörslum sínum 0,25 g af afmetamíni sem lögregla lagði hald á.

Telst þetta varða 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001,

sbr. reglugerð nr. 848/2002.

4. Miðvikudaginn 15. mars ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti og óhæf um að stjórnna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 295 ng/ml og metýlfenídat 10 ng/ml) um bifreiðastæði verslunarinnar 10-11, Vesturlandsvegi, Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

5. Mánudaginn 17. júlí ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti og óhæf um að stjórnna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 405 ng/ml) austur um Miklabraut, Reykjavík, og upp á umferðareyju en lögregla hafði afskipti af ákærðu skömmu síðar við Atlantsolíu á Sprengisandi, Bústaðavegi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr. sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

6. Sunnudaginn 6. ágúst ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti austur Miklabraut, Reykjavík, uns lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

7. Sunnudaginn 17. september ekið bifreiðinni [...] svipt ökurétti um Gullinbrú og að Stórhöfða 16, Reykjavík, þar sem lögregla hafði afskipti af ákærðu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Þess er jafnframt krafist að fíkniefni þau sem haldlögð voru af lögreglu, sjá ákæruliði nr. 3, verði gerð upptæk, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001

Verjandi ákærðu krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærðu hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærða hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærðu og öðrum gögnum málsins að ákærða er sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök og eru brot hennar rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærða er fædd í janúar 1990. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 6. apríl 2018, hefur hún margítrekað verið fundin sek um umferðarlagabrot. Ákærða gekkst undir sektarrefsingu með lögreglustjórásátt 25. janúar 2011 fyrir umferðarlagabrot, m.a. fyrir að hafa ekið undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Henni var gert að sæta sektarrefsingu með dómi 20. júní 2011 fyrir fíkniefnaakstur, sviptingarakstur sem og fíkniefnalagabrot. Þá var hún dæmd í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, með dómi, 23. apríl 2012, fyrir fíkniefna- og sviptingarakstur sem og fyrir brot gegn valdstjórninni. Ákærða var dæmd í 45 daga fangelsi fyrir sviptingarakstur og þjófnað, 15. nóvember 2012. Hún var dæmd í 60 daga fangelsi á ný fyrir þjófnað og sviptingarakstur, 30. apríl 2013. Með dómi 28. júní 2013 var henni gerður hegningarauki við fyrrgreindan dóm frá 30. apríl 2013 vegna sviptingarakstursbrots. Ákærða var dæmd í þriggja mánaða fangelsi, 20. mars 2014, fyrir sviptingarakstur. Hún hlaut sjö mánaða fangelsisdóm, 23. janúar 2015, fyrir umferðarlagabrot, m.a. sviptingarakstur. Hún var enn á ný dæmd fyrir sviptingarakstursbrot, 26. nóvember 2015, og var gert að sæta fangelsi í fjóra mánuði. Þá hlaut hún fimm mánaða fangelsisrefsingu fyrir m.a. sviptingar- og fíkniefnaakstur, 27. nóvember 2015. Nú síðast var ákærða dæmd í sex mánaða fangelsi fyrir að aka svipt ökurétti með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 7. desember 2016.

Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni málsins og ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 24 mánuði.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er áréttuð ævilöng svipting ökuréttar ákærðu frá birtingu dóms þessa að telja.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru eru gerð upptæk til ríkissjóðs 0,25 g af amfetamíni, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærða greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 210.800 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og

403.595 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Kristmundur Stefán Einarsson saksóknarfulltrúi.

Lilja Rún Sigurðardóttir, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóminn.

D Ó M S O R Ð:

Ákærða, Elísabet Margrét Bjarnadóttir, sæti fangelsi í 24 mánuði.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærðu frá birtingu dómsins að telja.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 0,25 g af afmetamíni.

Ákærða greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 210.800 krónur og 403.595 krónur í annan sakarkostnað.

Lilja Rún Sigurðardóttir